

6.bekkur - Leiklist - Haust2020

Kennarar: Sigríður Eyrún Friðriksdóttir

| 6

Viðfangsefni

Við vinnum með spunaæfingar og grunnþætti leiklistar í byrjun annarinnar. Þegar líða fer á önnina skoðum við atriði úr þekktum söngleikjum og setjum á svið. Við skoðum störf innan leikhússins og hvað þarf til að setja leiksýningu á svið. Í lok annar byrjum við að vinna að söngleik sem settur verður upp í vor.

Námsmat

Eftirfarandi atriði verða metin með sjálfsmati, jafningjamati og símati kennara yfir önnina.

- flutt leiktexta á sviði.□
- skapað skýra persónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd-oglíkamsbeitingu.□
- tekið þátt í sköpunarferlinu og lýst ferlinu sem á sér stað þegar leikrit er sett á svið.□
- Tekið þátt í hópatriði úr söngleik

Spjaldtölvur

Við munum vinna með **GarageBand** og **Dramatic** til að gera hljóðmynd við sýningar.

Sviðslistir fyrir 5.- 7. bekk - Leiklist

- Nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar.
- Flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur.
- Nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu.
- Skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd og líkamsbeitingu.
- Sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar, helstu störfum sem unnin eru baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði.
- Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína.